

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun
málþingsins „Ferðamálastefna, rannsóknir og þróun ferðaþjónustu“. Haldið
í Hátíðasal þriðjudaginn 27. ágúst 2024 kl. 14.**

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, skipuleggjendur og
framsögufólk, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér við opnun þessa málþings
sem haldið er undir yfirskriftinni „Ferðamálastefna, rannsóknir og þróun
ferðaþjónustu“.

Tilfni málþingsins er að í júní sl. var samþykkt á Alþingi ný ferðamálastefna
og aðgerðaáætlun fyrir Ísland til ársins 2030. Þar eru sett fram metnaðarfull
markmið og er leiðarljós hennar sjálfbær þróun ferðaþjónustu. Í stefnunni
kemur fram skýr vilji til að styrkja rannsóknahverfi ferðaþjónustunnar sem
og að efla menntun í ferðamálum á ólíkum skólastigum sem hvort tveggja er
bæði þarft og tímabært – og að sama skapi mikið fagnaðarefni.

Hér við Háskóla Íslands er boðið upp á nám í ferðamálafræði og unnið að
rannsóknum á ferðamálum á ólíkum sviðum. Háskólanám í ferðamálafræði
er þverfaglegt í sjálfu sér og tengir saman viðskipti, félagsvísindi og
umhverfisvísindi sem segja má að endurspegli meginþætti
sjálfbærnihugsunarinnar sem einnig er leiðarstef í stefnu Háskóla Íslands,
HÍ26. Á síðustu misserum hefur verið mikil gróska í þróun námsins og er nú
m.a. unnið að tveimur framsæknum verkefnum sem hlotið hafa styrk úr
sjóðnum Samstarf háskóla í samstarfi við Háskólann á Hólum og miða að því
að skapa fjölbreyttara námsframboð fyrir nemendur á grunn- og
meistarastigi.

Vandaðar rannsóknir og traust vísindaleg gögn eru lykilatriði til að undirbyggja trausta stefnumörkun og ákvarðanir sem og að greina og skilja þau áhrif, áskoranir og möguleika sem ferðamennska felur í sér og skapar. Ferðaþjónusta tvinnast saman við flest svið samfélagsins og hefur áhrif á sjálfsmynd okkar, ímynd landsins út á við sem og náttúrulegt umhverfi og landslag.

Til skamms tíma hefur fjármagn til rannsókna á ferðamálum verið af skornum skammti og í litlu samræmi við vægi ferðaþjónustu fyrir hagkerfið og áhrif greinarinnar á samfélag og umhverfi. Fræðafólk innan Háskóla Íslands hefur þó síður en svo setið auðum höndum og er rannsóknastarf á sviði ferðamála blómlegt miðað við aðstæður. Rannsakendur við námsbraut í land- og ferðamálafræði hafa stýrt og tekið þátt í fjölbreyttum rannsóknarverkefnum sem hafa hlotið styrki frá innlendum og erlendum sjóðum, s.s. Rannís, Norrænu ráðherranefndinni, Horizon 2020, Nordforsk og Interreg Northern Periphery and Arctic (NPA)) og birt niðurstöður sínar á erlendum og innlendum vettvangi.

Þá er sérlega ánægjulegt að geta þess að á síðustu árum hefur doktorsnám í ferðamálafræði stóreflst og hafa nýlega þrjú doktorsnemar brautskráðst og á næstu tveimur árum er von á að fimm doktosnemar til viðbótar muni ljúka prófi í ferðamálafræði frá Háskóla Íslands. Það segir sig sjálfst að uppbygging rannsókna gerist ekki nema með fjárfestingu í menntun sem veitir fólki tækifæri til að helga sig rannsóknum þannig að hægt sé að breikka og styrkja þekkingargrundvöll ferðaþjónustu.

Að auki fara fram rannsóknir á ferðamálum í ýmsum öðrum deildum og greinum Háskóla Íslands, s.s. á vettvangi Hagfræðideildar (eins og við munum heyra meira af hér á eftir), innan mannfræði, viðskipta- og markaðsfræði og á

vettvangi Menntavísindasviðs, svo nokkuð sé nefnt. Það er hins vegar alveg ljóst að betur má ef duga skal. Við vitum að þverfaglegar rannsóknir eiga erfiðara uppdráttar varðandi sókn í samkeppnissjóði sem lúta iðulega hefðbundinni greinaskiptingu. Ennfremur er ljóst að sökum þess hversu stutt er síðan ferðaþjónusta varð ein af meginatvinnugreinum landsins er mikið verk að vinna. Við eigum einfaldlega eftir að vinna ýmislegt upp þegar kemur að kerfisbundnum rannsóknum og uppbyggingu stoðkerfis greinarinnar.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á hlutverki sitt gagnvart samfélagi og atvinnulífi. Nú þegar nokkur tímamót eru í umhverfi ferðaþjónustunnar með nýsamþykktri ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun er mikilvægt að efna til samtals um vægi og hlutverk rannsókna fyrir sjálfbæra og farsæla þróun ferðaþjónustu. Það er því mikils virði að fá ráðherra menningar- viðskipta (og ferðamála) til að kynna hér í dag þá sýn og þær áherslur sem felast í ferðamálastefnunni – um leið og vísindamenn Háskóla Íslands fá tækifæri til að kynna það öfluga starf sem hér fer fram. Lykilspurningarnar sem lagt er upp með hér í dag og fjallað verður um í erindum og pallborðsumræðum eru: Hvert stefnir í ferðamálum á Íslandi og hvaða hlutverki gegna rannsóknir fyrir uppbyggingu á sjálfbærri ferðaþjónustu?

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa þessi inngangsorð fleiri og gef nú Lilju Alfreðsdóttur orðið.